Alþýðusamband Íslands

Vörukarfan hefur hækkað í öllum verslunarkeðjum frá því í nóvember

Vörukarfa ASÍ hefur hækkað á milli verðmælinga verðlagseftirlitsins í nóvember og nýjustu mælingarinnar nú í byrjun mars. Á þessu 3 mánaða tímabili frá nóvember 2011 hækkaði vörukarfan um 0,9-4,2% hjá öllum verslunarkeðjum. Vöruflokkarnir brauð og kornvörur, mjólkurvörur, ostar og egg hækka hjá öllum aðilum. Einstöku lækkanir eru þó sjáanlegar nema hjá Nettó og Nóatúni.

Verð á vörukörfu ASÍ hækkaði mest hjá Nóatúni á tímabilinu um (4,2%), Nettó um (4,1%), Samkaupum-Úrvali um (3,9%), Krónunni um (3,6%), 10/11 um (2,4%) Hagkaupum um (1,6%) og hjá 11/11 og Samkaupum-Strax um (1,2%). Minnst hækkaði verð vörukörfunnar hjá Bónus eða um 1% á milli mælinga.



Í lágvöruverðverslununum hækkaði verð vörukörfunnar mest hjá Nettó um 4,1%. Verð hækkaði í öllum vöruflokkum í körfunni, en kjötvörur hækkuðu einna mest (9,5%) og ýmsar matvörur (4,7%). Hjá Krónunni hækkaði vörukarfan um 3,6%, en þar hækkaðu mest grænmeti og ávextir (12,5%) og sætindi (9,8%), en á móti lækkuðu kjötvörur (-1,1%) og hreinlætis- og snyrtivörur um (-1%). Hjá Bónus hækkaði karfan um 0,9%, aðallega vegna hækkunar á flokkunum mjólkurvörur, ostar og egg (4,6%) og sætindi um (3,1%) á móti lækkuðu vöruflokkarnir ýmsar matvörur um (-3,9%) og grænmeti og ávextir um (-1,8%).

v.47-2011 og v.9-2012	Bónus	Krónan	Nettó
Breyting vörukörfu vegið meðaltal	**0,9%**	**3,6%**	**4,1%**
Brauð og kornvörur	1,7%	5,4%	2,1%
Kjötvörur	1,7%	-1,1%	9,5%
Mjólkurvörur, ostar og egg	4,6%	1,7%	2,9%
Grænmeti og ávextir	-1,8%	12,5%	1,2%
Sykur, súkkulaði, sælgæti ofl.	3,1%	9,8%	2,4%
Ýmsar matvörur	-3,9%	1,5%	4,7%
Drykkjarvörur	0,1%	3,1%	1,5%
Hreinlætis- og snyrtivörur	1,3%	-1,0%	0,8%

Í stórmörkuðum og klukkubúðum hækkaði verð vörukörfunnar mest á milli verðmælinga hjá Nóatúni um 4,2%, mest hækkuðu sætindi (11,5%), brauð og kornmeti (5,5%) og drykkjavörur (5,3%). Hjá Samkaupum-Úrvali hækkaði vörukarfan um 3,9% en mesta hækkun var á vöruflokknum sætindi (13,6%), ýmsum matvörum (5,6%) og á kjötvörum (5,3%). Hjá 10/11 hækkaði verð vörukörfunnar um 2,4% en mest hækkuðu kjötvörur (10,7%) og sætindi (4,6%). Hjá Hagkaupum hækkaði verð vörukörfunnar um 1,6%, en mest hækkaði brauð og kornmeti (7,9%), grænmeti og ávextir (5,9%) og sætindi (5,6%), en á móti var lækkun á kjötvörum um (-11,8%). Verð vörukörfunnar hefur hækkað hjá 11/11 og Samkaupum-Strax um 1,2%.

v.47-2011 og v.9-2012	Hagkaup	Nóatún	Samkaup-Úrval	Tíu-ellefu	Ellefu-ellefu	Samkaup-Strax
Breyting vörukörfu vegið meðaltal	**1,6%**	**4,2%**	**3,9%**	**2,4%**	**1,2%**	**1,2%**
Brauð og kornvörur	7,9%	5,5%	3,5%	0,9%	0,8%	2,6%
Kjötvörur	-11,8%	4,1%	5,3%	10,7%	1,3%	1,9%
Mjólkurvörur, ostar og egg	0,6%	1,8%	1,1%	1,6%	2,6%	1,0%
Grænmeti og ávextir	5,9%	1,3%	2,3%	-5,7%	4,8%	-0,9%
Sykur, súkkulaði, sælgæti ofl.	5,6%	11,5%	13,6%	4,6%	3,7%	-2,8%
Ýmsar matvörur	1,6%	0,2%	5,6%	1,8%	-2,8%	7,4%
Drykkjarvörur	-2,6%	5,3%	-2,7%	-0,4%	0,1%	-4,7%
Hreinlætis- og snyrtivörur	2,7%	2,1%	0,0%	0,0%	-0,8%	0,7%

Brauð og kornvörur hafa hækkað í verði hjá öllum verslunarkeðjum. Mesta hækkunin er hjá Hagkaupum (7,9%), Nóatúni (5,5%), Krónunni (5,4%), Samkaupum Úrval (3,5%) og Samkaupum Strax (2,6%) en minnsta hækkunin var hjá 11/11 (0,8%).

Mjólkurvörur, ostar og egg hafa einnig hækkað í verði hjá öllum verslunarkeðjum. Mesta hækkunin er hjá Bónus (4,6%), Nettó (2,9%), 11/11 (2,6%), Nóatúni (1,8%), Krónunni (1,7%) og 10-11 (1,6%) en minnsta hækkunin var hjá Hagkaupum (0,6%).

Verðlagseftirlitið mælir breytingar á verði vörukörfu sem getur endurspeglað almenn innkaup meðalheimilis. Vörukarfa ASÍ inniheldur allar almennar mat- og drykkjarvörur, t.d. brauðmeti, morgunkorn, pasta, kjöt, fisk, grænmeti, ávexti, pakkavörur, kaffi, gos, safa, auk hreinlætis- og snyrtivara. Við samsetningu vörukörfunnar voru hafðar til hliðsjónar vogir Hagstofunnar sem notaðar eru til útreiknings á vísitölu neysluverðs. Vogirnar segja til um hversu stór hluti tilteknir vöruflokkar eru af neyslukörfu meðalheimilis.

Kostur og Víðir neituðu þátttöku í mælingunni

Verðbreytingar eru skoðaðar í eftirfarandi verslanakeðjum: Í lágvöruverðsverslunum Bónus, Krónunni og Nettó og í almennu matvöruverslununum Hagkaupum, Nóatúni og Samkaupum-Úrvali, 10-11, 11-11 og Samkaupum-

Strax. Kostur og Víðir neita að taka þátt í mælingunni, þar sem þeir telja það ekki þjóna hagsmunum sínum að verðlagseftirlit ASÍ upplýsi neytendur um þær verðbreytingar sem verða í verslunum þeirra.

Þess ber að geta að hér eru einungis birtar upplýsingar um verðbreytingar í verslanakeðjunum á milli verðmælinga. Ekki er því um beinan verðsamanburð að ræða þ.e.a.s. hvar ódýrustu vörukörfuna var að finna. Einnig er rétt að athuga að skoðuð eru þau verð sem eru í gildi í verslununum á hverjum tíma og geta tilboð á einstaka vöruliðum því haft áhrif á niðurstöðurnar.

Óheimilt er að vitna í niðurstöðurnar í auglýsingum og við sölu nema með heimild ASÍ.